



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Freyjubrunnur 23

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs, frá. 3. júlí 2019, á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Freyjubrunn 23, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn hefur á fyrri stigum málsins bókað að afar óheppilegt sé, að téð umsókn um breytingu deiliskipulags og útgáfa nýs byggingaleyfis þar sem íbúðum er fjölgað úr 5 í 8 o.fl. sé yfirhöfuð tekin til meðferðar meðan mál vegna áður útgefins byggingaleyfis er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Mögulega neikvæður úrskurður ÚUA yrði þannig marklaus. Ljóst er að mistök voru gerð við útgáfu byggingaleyfis á sínum tíma og á það var bent af íbúum. Mistök eru partur af lífinu, hvernig unnið er úr þeim skiptir öllu máli. Rétt viðbrögð hefðu verið að draga til baka áður útgefið byggingaleyfi, harma mistökin og láta gildandi deiliskipulag halda sér. Það var ekki gert. Þess í stað var farið í þá vegferð að breyta deiliskipulagi og athugasemdir íbúa þannig virtar að vettugi. Að teknu tilliti til forsögunnar leggst Miðflokkurinn alfarið gegn afgreiðslu málsins. Mistök borgarinnar eiga aldrei að vera á kostnað íbúa.



Bjarni Þóroddsson
e.u.